

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980 - 2000, brimvarnargarður.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi.

Breytingin varðar brimvarnargarð sem fyrirhugaður er frá Miðhólma í suðurátt að Skipshólma og jafnframt tengist hann núverandi brimvarnargarði í norður. Landnotkun vötn, ár og sjór verður iðnaður. Jafnframt er uppdrátturinn staðfærður og færðar inn breytingar sem hafa orðið á hafnarsvæðinu frá staðfestingu aðalskipulagsins, en þær eru: 370 m langur brimvarnargarður, inngarður sem gerður var árið 1989, skjólgarður við smábátahöfn, gerður árið 1998 og 80 m stálbyggja og Löndunarbyggjan gerð árið 2000.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 22. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.